

Sólpallurinn hreinsaður og borið á



Sólríkir dagar fara illa með trépalla og á þessu sumri hefur askan frá Eyjafjallajökli gert sitt sunnanlands til að yfirborð palla hefur þornað meira og gránað af völdum öskunnar.

Margir velja hefðbundna Jotun pallaolíu þegar verja á pallinn, en aðrir vilja spara sér árlegt viðhald og nota Jotun Terrassebeis, sem gefur lengri endingu, sem þýðir að það þarf ekki að bera á pallinn nema 3ja hvert ár (að því gefnu að við fáum ekki annan skammt af eldfjallaösku á þeim tíma).

Bæði nýtt og eldra tréverk á að vera hreint og þurrt áður en það er meðhöndlað með Jotun Terrassebeis. Mælt er með að nýr gagnvarinn viður fái að þorna vel, en ekki skal líða meira en 60 dagar áður en borið er á hann. Eftir þurrktímann er byrjað á að fjarlægja útfellingar af völdum fúvararinnar (græna krystalla). Þvoði viðinn með garðslöngu og stífum burstu og látið þorna. Ef þú hefur þegar lokið við þetta, farðu þá beint í skref 3.

Allir aðrir – það er að segja þeir sem eru með pall sem hefur veðrast eða verið meðhöndlaður áður – eiga að byrja á skrefi 1.

1) Fast, hreint og þurrt

Áður en pallaolíu eða Terrassebeis er borið á verður að ganga úr skugga um að yfirborðið sé fast, hreint og þurrt. Þetta þýðir með öðrum orðum að ekki séu leifar af gamalli málningu eða pallaolíu á yfirborðinu, að óhreinindi sem hafa safnast saman frá því að síðast var borið á séu á bak og burt og að pallurinn hafi verið þveginn og sé alveg þurr. Látið líða nokkra daga frá hreinsun á palli þar til að borið er á.

2) Hreinsun

Ef pallurinn er veðraður, eða það hefur verið borið á hann áður, þá verður að hreinsa hann fyrir meðhöndlun. Það er gert á eftirfarandi hátt:

- Fjarlægjið leifar af eldri viðarvörn eða málningu með því að þússa eða með málningarleysi.

- Bleytið yfirborðið með köldu vatni. Berið á Jotun Terrasserens, vnr. 7158013, með til þess gerðum áhöldum og látið hreinsiefnið vinna í 15 til 20 mínútur. Varist að yfirborðið þorni á meðan á þessu stendur. Ef slíkt gerist, bleytið þá yfirborðið lítillega með vatni. Ekki skal vinna þetta í sólskini.
- Skrúbbið yfirborðið vel með kústi þannig að óhreinindi, sveppagróður og annað losni af og skolið vel með vatni.
- Ef yfirborðið er mjög óhreint, eða þá að mörg lög af pallaolíu eru til staðar, gæti þurft að endurtaka meðferðina.
- Notið Jotun Terrassebleker, vnr. 7158015, ef þú hefur hug á að gera pallinn ljósari. Austurlenskan harðvið verður að lýsa með Jotun Terrassebleker til að komast hjá mislitun.

ATH: Það er mjög mikilvægt að skola burtu allar leifar af Jotun Terrassebleker. Ef leifar eru til staðar getur það dregið úr virkni á gæðum viðarvarnarinnar og lengt þurrktímann. Varist að láta efnin slettast á veggum eða skjólgirðingar.

3) Terrassebeis borinn á

Þegar tréverkið er þurrt er hægt að bera á eina umferð af Trebitt Terrassebeis.

Strjúkið vel með penslinum. Umframefni er strokið í burtu með lófríum klút. Viðarvörnin á að ganga inn í viðinn en ekki mynda filmu.

Besti árangur næst með því að mála eitt eða tvö borð í einu, frá upphafi til enda.

Varist að bera á í sterku sólskini, röku veðri og við lágt hitastig (undir 10 gráðum). Athugið að það hafi ekki verið spáð rigningu daginn eftir að málað er.

Vörulisti:

- Jotun Terrasserens
- Jotun Terrassebleker
- Bursti til að skrúbba
- Hlífðargleraugu
- Pensill og hugsanlega rúlla
- Framlengingarskaft
- Trebitt Terrassebeis
- Penslasápa / White Spirit
- Hlífðarplast
- Málningarlímband
- Hanskar/húfa/hlífðarföt
- Lófrír klútur



Jotun Terrasserens, vnr. 7158013



Jotun Terrassebleker, vnr. 7158015



Trebitt Terrassebeis, vnr. 7049308

Látum
verkin tala!



HÚSASMÍÐJAN

Leiðbeiningarmyndir:



Bleytið yfirborðið



Ef óskað er eftir ljósara yfirborði er Jotun Terrassebleker borinn á blaut yfirborðið og látinn virka í 15 til 30 mínútur. Skolað vel á eftir með hreinu vatni.



Berið Jotun Terrasserens á og látið hann vinna í 30 mínútur



Skrúbbið með kústi á meðan Jotun Terrasserens er að virka.
Varist að yfirborðið þorni. Skolið vel á eftir með hreinu vatni



Þegar yfirborðið er orðið hreint og þurrt er Trebitt Terrassebeis borinn á. Berið á heil borð í einu, frá upphafi til enda, til að komast hjá mislitun og flekkjum.

**Látum
verkin tala!**



HÚSASMÍÐJAN